

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (barnabætur, sérstakur vaxtastuðningur).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(TBE, SPÁ, ÁBG, DME, JFF).

Við b-lið 1. gr.

1. tölul. orðist svo: Stofn til útreiknings sérstaks vaxtastuðnings skal vera 23% af vaxta-
gjöldum ársins 2023 vegna lána sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúð-
arhúsnæði til eigin nota, þ.m.t. eru kaup á búseturétti samkvæmt lögum um húsnæðis-
samvinnufélög og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt lögum um
Húsnæðisstofnun ríkisins.
2. tölul. verði 4. tölul. og í stað orðanna „getur aldrei verið“ í 1. másl. komi: skal
ákvarðaður sem stofn skv. 1. tölul. að teknu tilliti til skerðinga skv. 2. og 3. tölul. en þó
ekki.
3. tölul. verði 2. tölul. og í stað orðanna „Sérstakur vaxtastuðningur“ í 1. másl. komi:
Stofn skv. 1. tölul.
4. tölul. verði 3. tölul. og í stað orðanna „Sérstakur vaxtastuðningur“ í 1. másl. komi:
Stofn skv. 1. tölul.
1. másl. 5. tölul. orðist svo: Sérstakur vaxtastuðningur skal birtur í niðurstöðu álagning-
ar opinberra gjalda gjaldárið 2024.
- Á eftir 3. másl. 5. tölul. komi nýr málslíður, svohljóðandi: Komi til uppgreiðslu eða
endurfjármögnunar láns þar sem valin hefur verið jöfn lækkun á afborgunum skal sú
fjárhæð sérstaks vaxtastuðnings sem þá stendur eftir greiðast inn á það lán sem sætir
uppgreiðslu eða endurfjármögnun og ef við á til greiðslu uppgreiðslugjalds.
- Á eftir 1. másl. 6. tölul. komi nýr málslíður, svohljóðandi: Að lokinni kærumeðferð skv.
1. mgr. 99. gr. og leiðréttingum skv. 2. mgr. 101. gr. skal ríkisskattstjóri jafnframt á
tímabilinu 1.–31. desember 2024 afhenda Fjársýslunni upplýsingar skv. 1. másl.
- Í stað orðanna „innan fimm virkra daga frá móttöku“ fyrra sinni í 2. másl. 6. tölul. komi:
á tímabilinu 1.–15. ágúst; og í stað sömu orða síðara sinni í sama málslíð komi: á tíma-
bilinu 16.–31. ágúst.
7. tölul. orðist svo: Ákvörðun sérstaks vaxtastuðnings er bundin við árið 2024, þ.e. frum-
ákvörðun við álagningu 2024 skv. 98. gr., breytingar vegna kærnu á þeirri álagningu skv.
99. gr. og eftir atvikum leiðréttingar skv. 2. mgr. 101. gr., allt innan ársins 2024. Komi
í ljós, sbr. ákvæði 96. gr., að sérstakur vaxtastuðningur hafi á sínum tíma verið ákvarð-
aður of hár miðað við leiðréttan grundvöll skattlagningar þess árs, þá stofnast krafa
vegna þess mismunar en ekki verður gerð breyting á framkvæmdri ráðstöfun inn á lán.
Um rétt til sérstaks vaxtastuðnings gilda að öðru leyti ákvæði B-liðar 68. gr., sbr. og
ákvæði til bráðabirgða XLI, eftir því sem við á.